

Alþingi

Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 18.11.2020  
erindi nr. 201903058 FMR

**Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um  
þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 39. mál.**

---

*Bæjarráð tók fyrir erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli áfram vera í Vatnsmýrinni í Reykjavík.*

*Bæjarráð er sammála flutningsmönnum tillögunnar um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurflugvallar og þjóðin fái tækifæri til þess að segja hug sinn um málið. Ríkir almannahagsmunir felast í greiðum samgöngum og staðsetning flugvallarins og miðstöðvar innanlandsflugs hefur mikla þýðingu í því sambandi. Því er mikilvægt að þjóðin öll eigi þess kost að hafa áhrif á staðsetningu flugvallarins á höfuðborgarsvæðinu.  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma bókun ráðsins á framfæri við Alþingi.*

---

Virðingarfyllst,

\_\_\_\_\_  
Angantýr Einarsson  
Framkvæmdastjóri Stjórnsýslu- og fjármálasviðs